

Ed.

179. Nefndarálit

[74. mál]

um frv. til laga um heimild til verðstöðvunar.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þess sjást nú ýmis merki í íslenskum stjórnámálum, að kosningar nálgast óðum. Þannig hefur ríkisstjórnin lagt fyrir Alþingi frv. til laga um heimild til verðstöðvunar. Frv. þetta er í sjálfu sér ekki merkilegt. Það er lítið annað en staðfesting eldri heimilda, sem ríkisstjórnin hefur haft frá upphafi síns ferils. En beri þessi frumvarpsflutningur vott um sinnaskipti hjá ríkisstjórninni, þótt síðbúin séu, skal það ekki lastað.

Gildi heimildarlaga á borð við þau, sem hér er gert ráð fyrir, fer fyrst og fremst eftir því, hvernig til tekst um framkvæmd þeirra og beitingu. Núverandi ríkisstjórn er ekki að byrja sinn feril. Hún hefur setið í sjö ár, og í ljósi þeirrar reynslu, sem fengizt hefur, treystum við henni illa til þess að framkvæma verðstöðvun. Ber þar margt til.

Sú spurning hlýtur strax að vakna, hvers vegna ríkisstjórnin hefur ekki notað þær heimildir, sem hún hefur haft, til að framkvæma verðstöðvun miklu fyrr, meðan skaplegri verðlagsgrundvöllur var fyrir hendi til að festa. Sá verðlagsgrundvöllur, sem nú er gert ráð fyrir að festa, er ekki til frambúðar. Vélbátáutgerðarnefnd hefur í skýrslu sinni lýst því, að fiskverðið sé allt of lágt til að tryggja áframhaldandi útgerð á þorskfiskveiðar. Togaranefndin hefur í skýrslu sinni lýst því, að útgerðarkostnaður hvers togara sé mörgum milljónum króna of hár, til þess að endar nái saman í þeim rekstri. Fundur í Sólumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur lýst því yfir, að gjaldþrot fjölda frystihúsa standi fyrir dyrum að óbreyttum verðlagsgrundvelli. Niðurgreiðslur vöruverðs, sem teknar hafa verið upp til að létta kostnaðarþrýstingi af útflutningsatvinnuvegunum, nema nú hátt í milljarð króna á ári, og eðlileg verðmyndun er skekkt og brengluð að sama skapi. Þetta ástand segist ríkisstjórnin nú vilja festa fram yfir kosningar til þess að forða öðru verra í bili.

Það verður þó mjög að draga í efa, að ríkisstjórninni takist að framkvæma nokkra verðstöðvun, eins og hún hyggst standa að því verki. Það er viðurkennt, að greiðsluhallalaus ríkibúskapur án nýrra skatta sé forsenda allrar verðstöðvunar, en þau fjárlög, sem afgreidd voru á Alþingi í gær, bera þess engin merki, að ríkisstjórninni sé verðstöðvun í huga. Tekjur eru áætlaðar nærri milljarð hærri en á fjárlögum þessa árs, og þannig gert ráð fyrir áframhaldandi þenslu í innflutningnum. Samt nægja þessar tekjur ekki fyrir áætluðum gjöldum, og hafa útgjöld til nýákveðinna niðurgreiðslna verið felld niður úr gjaldaáætlun fyrir tvo seinustu mánuði ársins til þess að láta endana ná saman á pappírnum. Stuðningur við útflutningsatvinnuvegina er áætlaður sá sami og verið hefur, þó að öllum sé ljóst, að hann verður að aukast, ef útgerð á að verða á vetrarvertíð. Þannig er raunverulega mikill óskráður halli á fjárlögum.

Með tilliti til þessa þykir okkur óvarlegt að treysta því, að ríkisstjórninni sé alvara með tali sínu um verðstöðvun, og teljum eðlilegt, að stjórnarflokkarnir beri einir ábyrgð á því.

Á hinn bóginn sjáum við ekki ástæðu til að beita okkur gegn því, að staðfestar séu þær heimildir, sem farið er fram á og ríkisstjórnin hefur raunar flestar haft alla tíð.

Alþingi, 16. des. 1966.

Helgi Bergs, Karl Kristjánsson.  
frsm.